

Sveitarfélagið
ÁRBORG



Starfsáætlun Pakkhúsið 2025-2026

Pakkhúsið
Ungmennahús

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Leiðarljós í ungmennahúsinu	3
Virk þátttaka	3
Lýðræði	3
Reynslunám	4
Forvarnarstarf	4
Öruggt umhverfi	4
Hlutverk Pakkhússins	4
Gildi	5
Fjölbreytileiki	5
Samvinna	5
Gleði	5
Traust	5
Pakkhúsið	6
Opnunartími	6
Hópastarf	7
Hinsegin starf	7
Stúdíóið	8
Viðburðir	8
Reglur	9
Alþjóðleg verkefni	9
Mannauður	10
Samstarf	10
Kynningar og heimsóknir	10
Framtíðarsýn	11

Inngangur

Pakkhúsið er ungmennahús á vegum Árborgar sem stofnað var þann 1. desember 2008. Í starfi Pakkhússins er unnið út frá hugmyndafræði sem byggir á ungmennalýðræði og tryggir áhrif ungmenna í starfinu. Áhersla er lögð á samvinnu, virðingu, lýðræðisvitund, valdeflingu, samfélagslega virkni og þátttöku. Síðast en ekki síst er verið að vinna að forvörnum og skýr afstaða er tekin gegn neyslu vímuefna. Áhersla er lögð á að ná til þeirra ungmenna sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Unnið er í klúbbum, sértæku hópastarfi, opnu starfi og loks stendur ungmennahúsið fyrir stórum sem smáum viðburðum.

Starfsáætlun þessi er unnin af forstöðumanni Frístundahúsa Árborgar. Áætlunin gildir fyrir skólaárið 2025-2026. Pakkhúsið heyrir undir Frístundapjónustuna á Fjölskyldusviði og þjónustar öll ungmenni á aldrinum 16-25 ára í Sveitarfélaginu Árborg.

Pakkhúsið heldur úti starfi sem tekur mið af áhugamálum ungmenna hverju sinni. Pakkhúsið kappkostar að stuðla að jákvæðum samskiptum meðal ungmenna og örva félagsþroska þeirra og lýðræðisvitund. Pakkhúsið vinnur einnig markvisst að forvarnarmálum og valdeflingu en starfsmenn hennar notast við aðferðafræði reynslunáms.

Alþjóðleg verkfeni er mjög stór hluti af starfinu í Pakkhúsinu. Í alþjóðlegum verkefnum er unnið er að því að opna nýjar dyr fyrir ungt fólk í Árborg. Pakkhúsið tekur virkan þátt í ungmennaskiptum og sjálfboðaverkefnum með styrk frá Erasmus+ og European Solidarity Corps (ESC). Með því gefst ungmennum tækifæri til að kynnst nýjum menningum, efla tungumálakunnáttu, öðlast víðari sýn á samfélagið og styrkja bæði persónulega og félagslega hæfni sína. Þessi þátttaka hefur reynst mikilvægur liður í að efla sjálfstraust, sjálfstæði og alþjóðavitund ungmenna í Árborg.

Leiðarljós í ungmennahúsinu

Ungmennahúsið Pakkhúsið býður upp á frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Virk þátttaka, reynslunám, forvarnir og lýðræði er leiðarljós í starfi Pakkhússins.

Virk þátttaka

Með virkri þátttöku er leitast til þess að ungmenni taki virkan þátt í starfi Pakkhússins. Markmið þess er að þau læri að eiga uppbyggilegan frítíma ásamt því að vera hluti af samfélagi.

Lýðræði

Lýðræði er grunnþáttur starfsins, hugmyndafræði ungmennalýðræðis þjálfar ungmenni í að virða skoðanir sínar, hlusta á aðra og setja sig í spor annarra. Þetta styrkir sjálfsmynd þeirra,

eflir gagnrýna hugsun og eykur víðsýn. Ætlast er til að ungmenni læri að hafa áhrif á líf sitt og starf. Ungmenni fá þjálfun í að virða skoðanir sínar, hlusta á aðra og setja sig í spor annarra. Leitast er við að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð þeirra sem einstaklinga og hvetja þau til að hafa mótandi áhrif á nærumhverfi sitt og samfélag.

Reynslunám

Reynslunám er ferli þar sem einstaklingurinn byggir upp þekkingu, öðlast færni og breytir gildismati sínu vegna beinnar reynslu af þátttöku í verkefnum. Leitast er við að nýta aðferðarfræði reynslunáms á sem fjölbreyttastan hátt í starfi Pakkhúsins.

Forvarnarstarf

Í frístundastarfi er mikilvægt að efla og styrkja heilsu og velferð, hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi ungmenna. Einn þáttur í virku forvarnarstarfi er að fjölga jákvæðum fullorðnum fyrirmyndum í nærumhverfi ungmenna. Því er leitast eftir að ráða til starfa faglegt, öflugt og áhugasamt starfsfólk í ungmennahúsið sem uppfyllir hlutverkið jákvæð fullorðin fyrirmynd með sóma.

Öruggt umhverfi

Í ungmennahúsinu er mikilvægt að ungmenni upplifi sig örugg. Öruggt til þess að vera þau sjálf og tjá sig á þann hátt sem þau kjósa.

Hlutverk Pakkhússins

Húsið er hugsað sem samkomustaður fyrir ungt fólk á aldrinum 16 - 25 ára þar sem þau fá tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og í framkvæmd, vinna að áhugamálum sínum og fást við skemmtileg verkefni. Markmið Pakkhússins er að bjóða ungu fólki upp á jákvætt félagslegt umhverfi þar sem þau geta komið saman með jafnöldrum sínum.

Hlutverk Pakkhússins felst jafnframt í því að skapa vettvang þar sem ungmenni geta eftt sjálfstraust sitt og félagsfærni, aukið lýðræðisvitund og lært að axla ábyrgð í öruggu og hvetjandi umhverfi. Lögð er áhersla á að styðja við frumkvæði og sjálfstæði ungmenna, veita þeim tækifæri til að prófa nýjar leiðir og fá reynslu sem nýtist þeim bæði í námi, starfi og daglegu lífi.

Í Pakkhúsinu er unnið markvisst að því að tryggja að ungt fólk hafi raunveruleg áhrif á dagskrá og verkefni hússins. Þar með er hlutverk Pakkhússins ekki aðeins að vera samkomustaður heldur líka vettvangur valdeflingar, sköpunar og samfélagslegra tengsla, bæði á staðnum og í gegnum alþjóðleg verkefni sem opna dyr að nýjum menningarheimum og reynslu.

Gildi

22.febrúar 2022, á sameiginlegum starfsdegi frístundastofnana í Árborg, voru sett sameiginleg gildi fyrir frístundastarf í sveitarfélaginu. Gildin sem voru ákveðin voru *Fjölbreytileiki* -

Samvinna - *Gleði* - *Traust*

Fjölbreytileiki

- Öll börn og ungmenni eru velkomin
- Mætum þörfum hvers og eins með styrkleika þeirra að leiðarljósi
- Fjölbreyttur hópur starfsfólks með mismunandi styrkleika og færni
- Stuðlað er að virku barna- og ungmennalýðræði
- Sveigjanleg og fjölbreytt starfsemi

Samvinna

- Stuðlum að góðum starfsanda
- Öflugt þverfaglegt samstarf
- Leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið
- Vinnum markvisst með fjölbreytt hópastarf

Gleði

- Opin jákvæð og uppbyggileg samskipti
- Lögð er áhersla á að efla félagsfærni
- Ýtum undir sköpunargleði og frelsi
- Höfum gaman og leikum okkur
- Stuðlum að geðheilbrigði

Traust

- Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði
- Þekkir starfsfólk rétt sinn og ábyrgð í leik og starfi
- Virðum trúnað og tilkynningarskyldu
- Fagleg og vönduð vinnubrögð
- Erum til staðar fyrir hvert annað

Pakkhúsið



Ungmennahúsið Pakkhúsið fyrir ungmenni 16-25 ára og er staðsett í frístundahúsi Árborgar að Austurvegi 2a.

Ungmennahúsið Pakkhúsið er vel búið og býður upp á fjölbreytta aðstöðu sem styður við félagsstarf, sköpun og samveru. Í húsinu er þráðlaus netaðgangur og gestir geta fengið afnot af tölvum. Ungmenni geta eldað sér mat í eldhúsinu, flett blöðum, spilað pool, horft á sjónvarp eða notið þess að spila borð- og tölvuleiki í góðra vina hópi.

Húsið er einnig með æfinga- og upptökustúdíó fyrir ungt tólistarfólk sem hægt er að fá afnot af með því að hafa samband við starfsmenn. Þar hafa margir ungir listamenn stigið sín fyrstu skref í tónlistarsköpun og fengið aðgang að faglegum búnaði sem styrkir hæfileika þeirra og sköpun.

Reglulega eru haldnir ýmsir viðburðir í húsinu á vegum starfsmanna, en jafnframt er ungmennum í Árborg boðið að koma með hugmyndir og óskir um viðburði sem þau vilja sjálf skipuleggja og halda. Þannig er húsnæðið lifandi vettvangur fyrir ungmenni að setja mark sitt á dagskrána og upplifa raunveruleg áhrif í starfinu.

Það er jafnframt mikil samnýting á húsinu. Verkefnið Exið (samstarf skóla og félagsmiðstöðvar) nýtir það mánudaga til fimmtudaga kl. 9:00–12:30 og frístundaklúbburinn Kletturinn heldur úti starfinu sínu þar frá kl. 12:30–16:00. Þessi samnýting skapar fjölbreytt mannlíf í húsinu og tryggir að aðstaðan er nýtt á sem bestan hátt fyrir ólíka hópa ungs fólks í Árborg.

Opnunartími

Fimmtudagar 19:30-21:30 Hinsegin opnun í Valhöll

Föstudagar 17-20 tölvuleikjahittingar

Spilahópar eru í með starf í húsinu, mánudaga, fimmtudaga, laugardaga og sunnudaga.

Hópastarf

Hópastarf hefur ávallt verið mikilvægur hluti af starfsemi Pakkhússins og endurspeglar fjölbreytileika áhuga og þarfa ungs fólks í Árborg. Með hópastarfi gefst ungmennum tækifæri til að tilheyra sterkum félagslegum heildum, styrkja sjálfsmynd sína og mynda ný vinatengsl í öruggu og skapandi umhverfi.

Stærsta hópastarf Pakkhússins er Dungeons & Dragons (D&D) þar sem níu hópar hittast vikulega til að spila. D&D starfið hefur vaxið hratt undanfarin ár og er orðinn að einni af burðarstoðum félagslífsins í húsinu. D&D hefur skapað vettvang þar sem ímyndunarafl, samvinna og félagsfærni ungs fólks nýtast og eflast í gegnum leik og frásagnir.

Auk þess hafa ýmsir aðrir hópar verið starfandi í Pakkhúsinu, m.a.:

- **Nintendóklúbbur**, sem nú hefur þróast yfir í reglulega tölvuleikjahittinga einu sinni í viku.
- **Námskeið í samstarfi við Vinnumálastofnun**, sem höfða sérstaklega til ungmenna sem eru atvinnuleysisbótum.
- **Dansnámskeið fyrir ungar konur á flóttu**, sem skapaði vettvang fyrir hreyfingu, gleði og menningarmiðlun.
- **Hópastarf fyrir ungar mæður**, sem veitti stuðning, tengslanet og valdeflingu.
- **Stuðningshópur fyrir ungmennti sem upplifa sig einmana**, þar sem lögð var áhersla á tengslamyndun, félagsfærni og að styrkja sjálfstraust.

Hópastarf í Pakkhúsinu er sveigjanlegt og byggt á hugmyndum og þörfum ungmenna hverju sinni. Með þessum fjölbreyttu verkefnum tekst að skapa vettvang sem nærir bæði félagslega og persónulega þróun þátttakenda og tryggir að ólíkir hópar ungmenna eigi sitt rými innan hússins.

Hinsegin starf

Í samstarfi við félagsmiðstöðina Zelsíuz heldur Pakkhúsið úti hinsegin opnunum á fimmtudögum. Hinsegin opnanir eru fyrir ungmennti í 8.bekk og eldri. Þær fara fram í Valhöll, Tryggvagötu 23, og eru ætlaðar fyrir ungmennti sem tilheyra hinsegin samfélaginu, eru í hinsegin þælingum eða vini sem að vilja styðja við málefnið og fræðast um hinsegin málefni. Hinsegin opnanir eru öruggur staður fyrir ungmennti til þess að vera þau sjálf. Hinsegin vika Árborgar er haldin árlega í félagsmiðstöðinni ásamt hinsegin viku Samfés á landsvísu. Ár hvert

er landsmót hinsegin félagsmiðstöðva á Íslandi, Hinsegin Landsmótið, haldið að vori til. Í boði er fyrir ungmenni á fyrsta ári í framhlaðsskóla aðtaka þátt í Hinsegin Landsmótinu. Í fyrra var í fyrsta skipti sem Hinsegin Zelsíuz tók þátt og fyrirhugað er að þátttaka verði aftur í ár.

Stúdíói Himnaríki

Stúdíó Himnaríki er eitt af aðráttaraflum Pakkhússins og býður upp á virkilega góða aðstöðu fyrir bæði tónlist og skapandi verkefni. Stúdíóið er bæði upptöku- og æfingarstúdíó, búið fjölbreyttum hljóðfærum, hljóðvinnsluforritum og sérhæfðum tækjum sem gera ungmennum kleift að þróa hæfileika sína á sviði tónlistar og hljóðupptöku. Í boði er m.a. podcast-upptökubúnaður sem hefur nýst vel til að efla skapandi tjáningu og miðlun hugmynda.

Stúdíóið er gríðarlega mikið notað og er öllum ungmennum í Árborg opið án endurgjalds í gegnum bókunarkerfi Pakkhússins. Með þessu er tryggt að ungt fólk hafi greiðan aðgang að faglegri aðstöðu til að æfa, skapa og prófa sig áfram í öruggu og hvetjandi umhverfi.

Á starfsárinu 2025–2026 fékk Pakkhúsið styrk frá European Solidarity Corps (ESC) til að halda sérstök námskeið í stúdíóinu og endurnýja hluta af búnaðinum. Þessi stuðningur hefur gert okkur kleift að efla enn frekar gæði aðstöðunnar, bjóða upp á fræðslu fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna, og tryggja að ungt fólk hafi áfram aðgang að nýjustu tækni og faglegu leiðsögn í tónlistarsköpun.

Viðburðir

Viðburðir eru órjúfanlegur hluti af starfi Pakkhússins og skapa vettvang þar sem ungmenni geta komið saman, átt góðar stundir og tekið þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum. Í gegnum árin hefur Pakkhúsið staðið fyrir fjölmörgum viðburðum sem endurspeгла áhuga og óskir ungs fólks í Árborg, auk þess sem lögð er áhersla á samstarf við aðra aðila til að auka fjölbreytni og þátttöku.

Mikilvægt samstarf hefur myndast við nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands, og saman hafa verið haldnir viðburðir á borð við FIFA-mót, uppistand, jóla kvöld, pöbbskviss og konukvöld. Þessir viðburðir hafa notið mikilla vinsælda og skapað jákvætt og lifandi félagslíf fyrir nemendur og ungmenni í sveitarfélaginu.

Auk þess hefur Pakkhúsið sjálft skipulagt fjölbreyttar uppákomur, svo sem tónleika, kvöldvöku í tilefni forsetakosninga í Bandaríkjunum, áhorf á úrslit Óskarsverðlaunanna og beina útsendingu fótboldaleikja. Stærsti einstaki viðburðurinn ár hvert er þó Super Bowl-

kvöldið, sem hefur fest sig í sessi sem einn vinsælasti viðburður Pakkhússins og dregur til sín fjölda ungmenna sem deila áhuga á íþróttum og félagslífi.

Viðburðirnir í Pakkhúsinu eru þannig ekki aðeins til skemmtunar heldur einnig mikilvægur vettvangur fyrir félagslega þátttöku, samveru og tengslamyndun ungs fólks.

Reglur

Til að tryggja að Pakkhúsið sé öruggur, jákvæður og aðlaðandi samkomustaður fyrir öll ungmenni, gilda einfaldar reglur sem allir gestir og starfsmenn fylgja:

- Virðing fyrir sjálfum sér, öðrum og húsnæðinu.
- Vímuefnaneysla, reykingar og neysla áfengis eru stranglega bönnuð í og við húsið.
- Öll sýna jákvæða framkomu og stuðla að góðum samskiptum.
- Berum virðingu fyrir eigum ungmennahússins og hjálpumst að við að hafa snyrtilegt í kringum okkur með því að nota viðeigandi ruslatunnur og ganga frá búnaði á réttan stað.
- Starfsmenn hússins hafa lokaorð ef upp koma ágreiningsmál eða óviðeigandi hegðun.
- Brot á reglum ungmennahúsins getur orsakað brottvísun úr Pakkhúsinu.

Reglurnar eru settar til að tryggja að Pakkhúsið haldi áfram að vera öruggur og hvetjandi vettvangur þar sem ungt fólk getur hittst, skapað og notið samveru í jákvæðu umhverfi.

Alþjóðleg verkefni

Alþjóðleg verkefni eru stór og mikilvægur hluti af starfi Pakkhússins og gefa ungmennum í Árborg tækifæri til að víkka sjóndeildarhring sinn, kynnast nýjum menningum og öðlast reynslu sem styrkir þau bæði félagslega og persónulega.

Pakkhúsið er í nánú samstarfi við Dragon Legion, sem er alþjóðlegt tengslanet sem notar hlutverkaspil sem aðferð til að efla sköpun, samvinnu og félagsfærni ungs fólks. Fjölmörg ungmennaskipti sem Pakkhúsið hefur tekið þátt í tengjast einmitt hlutverkaspilum og hafa notið mikilla vinsælda meðal þátttakenda. Þessi verkefni gefa ungmennum tækifæri til að þróa ímyndunarafl, læra að vinna í hóp og öðlast nýja sýn á eigin hæfileika í gegnum leik og frásagnir.

Mikil áhersla er lögð á að opna dyr fyrir ungmenni með færri tækifæri til þátttöku í alþjóðlegu starfi. Með því að taka þátt í verkefnum á borð við ungmennaskipti og sjálfböðastarf innan Erasmus+ og European Solidarity Corps fá ungmenni stuðning og hvetningu til að takast á við nýjar áskoranir í öruggu og hvetjandi umhverfi.

Alþjóðleg verkefni styrkja þannig ekki aðeins einstaklingana sem taka þátt heldur einnig samfélagið í heild, þar sem ungmenni koma heim með nýja reynslu, aukna sjálfsvitund og alþjóðlega tengsl sem nýtast bæði í starfi Pakkhússins og í framtíð þeirra sjálfra.

Mannauður

Í Pakkhúsinu eru starfandi átta starfsmenn í tímavinnu. Forstöðumaður frístundahúsa Árborgar ber ábyrgð á rekstri félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz og ungmennahússins Pakkhússins. Sex starfsmenn sjá um hópa sem spila D&D vikulega. Einn starfsmaður sér um tölvuleikahittinga einu sinni í viku og síðan er einn starfsmaður sem hefur umjón yfir stúdíóinu.

Samstarf

Pakkhúsið er í nánun og víðtæku samstarfi við ýmsa lykilaðila í nærumhverfinu. Þar má nefna velferðarþjónustu, Fjölbrautarskóla Suðurlands, nemendafélag Fjölbrautaskóla Suðurlands, Zelsíuz, Vinnumálastofnun, Virk, Birtu og Elju. Þetta samstarf er grundvöllur þess að hægt sé að styðja við fjölbreyttar þarfir ungmenna og tryggja samfellu í þjónustu. Með reglulegum samskiptum, samráðsfundum og sameiginlegum verkefnum skapast vettvangur þar sem unnið er að því að efla félagsfærni, forvarnir, vellíðan og virkni ungs fólks. Áhersla er lögð á að vinna markvisst með einstaklingum sem þurfa aukinn stuðning en einnig að efla jákvæða menningu innan hópa með fjölbreyttri dagskrá, skapandi verkefnum og samfélagslegri þátttöku.

Kynningar og heimsóknir

Kynningar og heimsóknir hafa lengi verið mikilvægur hluti af starfi Pakkhússins, þar sem markmiðið er að tryggja að öll ungmenni í Árborg þekki vel til hússins og þeirra tækifæra sem þar bjóðast. Áður fyrr komu allir nýnemar í FSU í heimsókn í Pakkhúsið og fengu kynningu á starfseminni, en eftir að verkefnið Exið (samstarfsverkefni skóla og félagsmiðstöðvar) hófst hefur ekki verið rými til að taka á móti öllum hópunum í húsinu.

Til að mæta þessari áskorun er nú markmiðið að fara beint inn í kennslustundir hjá öllum nýnemum FSU og kynna fyrir þeim Pakkhúsið, þjónustuna og þau fjölbreyttu tækifæri sem

ungt fólk getur nýtt sér þar. Með þessu móti er tryggt að allir nemendur fái að kynna starfinu, hvort sem þeir sækja húsið strax eða síðar.

Pakkhúsið nýtir samfélagsmiðla í auglýsingar og upplýsingamiðlun til þess að ná til ungmenna og foreldra. Á heimasíðunni fristundamidstod.arborg.is eru allar upplýsingar um Pakkhúsið aðgengilegar ásamt fréttum úr starfi.

Framtíðarsýn

Pakkhúsið hefur á undanförunum árum fest sig í sessi sem mikilvægur vettvangur fyrir ungt fólk í Árborg og er húsið vel nýtt af fjölbreyttum hópum. Starfsemin hefur vaxið og dafnað en jafnframt skapað áskoranir, sérstaklega þar sem aðstaðan er í mikilli samnýtingu með öðrum verkefnum.

Til að tryggja áframhaldandi þróun og gæði starfsins er ljóst að framvegis þarf að huga að auknum mannauði. Þörf er á starfsmanni sem geti sinnt daglegu starfi í Pakkhúsinu, það þarf að taka það í skrefum þar sem aðstæður til að stækka starfsemina eru enn takmarkaðar vegna mikillar notkunar húsnæðisins.

Framtíðarsýn Pakkhússins felst í því að:

- Styrkja hinsegin starf og tryggja að ungt hinsegin fólk í Árborg hafi öruggt rými þar sem það getur notið samfélags, stuðnings og valdeflingar. Þar sem starfið er núna sameiginlegt með Zelsíuz er makmiðið að styrkja starfið og aldursskipta opnunum.
- Halda áfram að efla skapandi hópastarf, alþjóðleg verkefni og samstarf við aðra aðila í samfélaginu.

Með þessum áherslum vill Pakkhúsið halda áfram að vera leiðandi í ungmennastarfi í Árborg. Vera lifandi, fjölbreyttur og valdeflandi vettvangur þar sem ungt fólk á möguleika á að móta eigið félagslíf, prófa nýjar leiðir og skapa sterka framtíðarsýn fyrir sjálft sig og samfélagið í heild.